



Umhyggja

FÉLAG TIL STUÐNINGS LANGVEIKUM BÖRNUM

HEIMSÓKN Í SPÍTALASKÓLA
BARNASPÍTALA
HRINGSINS

MARGT VEL GERT Í SKÓLUNUM
ANNAÐ DUTTLUNGUM HÁÐ

MARGBREYTILEIKI Í
KENNARANÁMI NAUÐSYNLEGUR

TÓNLISTARKENNSLAN
ER MIKILVÆG



1. TBL. 13. ÁRG. 2009

SKÓLASAGA ÚR GARÐINUM - SKYLDUR SKÓLANNA OG NÝJU SKÓLALÖGIN

AÐILDARFÉLÖG UMHYGGJU

Barnageð, félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga
Formaður: Margrét Ómarsdóttir.
Sími: 695 5200.
Netfang: barnaged@barnaged.is
www.barnaged.is

Barnahópur Gigtarfélagsins
Formaður: Linda B. Bragadóttir
Sími: 568 7693. GSM: 863 1861.
Netfang: lbb@simnet.is

Breið bros - samtök aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm
Formaður: Ólafur Jónsson.
Sími: 564 2296.
Netfang: oj@vis.is
www.breidbros.is

Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki
Formaður: Hálfán Þorsteinsson.
Sími: 897 425.
Netfang: halfdan@setbergsskóli.s
www.dropinn.is

Einstök börn - félag til stuðnings börnum með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma
Sími: 568 2661. GSM: 699 2661.
Starfsmaður á skrifstofu: Hörður Björgvinsson
Formaður: Berglind Ósk Kjartansdóttir
GSM: 8958661.
Netfang: berglind@skjarinn.is
Netfang: einstokborn@einstokborn.is
www.einstokborn.is

Foreldradeild Blindrafélagsins
Formaður: Inga Dóra Guðmundsdóttir
Sími: GSM: 659 2769
Netfang: inga@blind.is
www.blindborn.is

Foreldrafélag barna með axlarklemmu
Formaður: Sigrún Jóna Sigmarsdóttir.
Sími: 481 2857. GSM: 698 2857.
Netfang: siggisigrun@internet.is
www.axlarklemma.is

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra
Formaður: Kristín Ármannsdóttir.
GSM: 698 8427.
Netfang: kristinarm@rimsaskoli.is
www.fsfh.is

Hetjurnar - félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi
Formaður: Helen Sif Jónsdóttir.
Sími: 868 7410.
Netfang: hetjurnar@simnet.is
www.hetjurnar.is

Lauf - Landssamtök áhugafólks um flogaveiki
Sími: 551 4570.
Formaður: Brynhildur Arthúrsdóttir
GSM: 864 8049.
Netfang: lauf@vortex.is
www.lauf.is

Lind - félag um meðfædda ónæmisgalla
Formaður: Guðlaug María Bjarnadóttir
Sími: 552 7082. GSM: 698 8806.
Netfang: gudlaugm@ismennt.is
Netfang: lind@onaemisgallar.is
www.onaemisgallar.is

Neistinn - styrktarfélag hjartveikra barna
Sími: 552 5744. Fax: 562 9150.
GSM: 899 1823.
Formaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
Sími: 557 5629. GSM: 690 4027.
Netfang: gudrun@hjartaheill.is
Netfang: neistinn@neistinn.is
www.neistinn.is

Perthes
Sími: 552 4242
www.internet.is/annaz/perthes

PKU félagið á Íslandi, félag um arfgenga efnaskiptagalla
Formaður: Steingrímur Ægisson
Sími: 565 8238. GSM: 897 6688.
Netfang: steingrimur@samkeppni.is
Netfang: stjorn@pku.is
www.pku.is

SKB - Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
Sími: 588 7555.
Fax: 588 7272.
Framkvæmdarstjóri: Óskar Örn Guðbrandsson.
Sími (vinna): 588 7555, GSM: 897 8974.
Netfang: oskar@skb.is
Formaður: Rósa Guðbjartsdóttir
GSM: 66455582.
Netfang: rosa@hafnarfjordur.is
Netfang: skb@skb.is
www.skb.is

Spegillinn – Hagsmuna-, forvarnar- og fræðslusamtök um átröskunarsjúkdóm-ana anorexiu og bulemiu nervosa
Formaður: Katrín Sif Sigurgeirsdóttir.
Sími: 661 0400/895 7892.
GSM: 659 0818.
Netfang: spegillinn@spegillinn.is
www.spegillinn.is

Tourette-samtökin á Íslandi
Sími: 840 2210.
Formaður: Sigrún Gunnarsdóttir.
Sími: 553 6164. GSM: 866 4433.
Netfang: sigrun.gun@gmail.com
Netfang: ourette@tourette.is
www.tourette.is



Umhyggja nálgast óðum þá stund að komast á þrítugsaldurinn og því óhætt að segja að félagið hafi slitið barnsskónum. Það hefur borið gæfu til að þróast í regnhlífarsamtök þar sem foreldrafélag, áhugafólk ,einstaklingar, langveikir og heilbrigðisstarfsmenn vinna saman að því að auka lífsgæði langveikra barna og allra sem í kringum þau eru. Að reyna að gera þeim lífið sem eðlilegast og innhaldsríkast.

VERUM UNDIRBÚIN



Félög þar sem slík samvinna og samstarf fer fram eru ekki mörg. Hlið-stæð félög á Norðurlöndum samanstanda nánast eingöngu af fagfólki og sama gildir um flest lönd Evrópusambandsins. Foreldrar og aðstandendur starfa í sér félögum. Okkur í Umhyggju þykir óhugsandi að starfa öðru vísi en saman. Að neytendur og veitendur starfi saman. Hagsmunir þeirra hljóta alltaf að vera þeir sömu. Umhyggja hefur getað starfað af því að einstaklingar og fyrirtæki á Íslandi hafa lagt félaginu lið, stutt það með ráðum og dád. Fyrir það vil ég þakka.

Í árunna rás hefur Umhyggja safnað mikilli og dýrmætri reynslu. Reynslu um sigra og hvernig einföld og lítil atriði geta breytt svo óendanlega miklu til hins betra. En við eigum einnig sögur um ósigrá, ósigrá sem hefðu ekki þurft að verða það ef umhverfið, kerfið eða hvað við viljum nú kalla það hefði brugðist skjótt og eðlilega við.

Hugsum okkur fjögurra manna fjölskyldu. Þetta er ósköp venjuleg fjölskylda. Foreldrarnir vinna bæði fulla vinnu. Börnin eru komin í skóla með sín eðlilegu áhugamál og vini. Svo fæðist einn fjölskyldumeðlimurinn til viðbótar og eftirvæntingin og tilhlökkunin er mikil. Þessi góða fjölskylda verður enn betri og skemmtilegri. En þá hrynur allt. Þessi litli einstaklingur sem allir biðu eftir er haldinn sjúkdómi sem enginn skilur. Veröld fjölskyldunnar fer á hvolf. Mamma og pabbi hafa bara tíma til að vinna og vera hjá veika barninu, þau hittast aldrei lengur bara tvö. Það eru hvorki efni né tími fyrir fjölskylduna til að gera eitthvað skemmtilegt saman. Sem systkini er best að láta lítið fyrir sér fara. Það er hvort sem er ekki tími fyrir mann, það er kannski best að vera bara ekki of mikið heima, maður er bara fyrir. Og þessu lýkur ekki í lok næsta árs eins og fyrirheit hafa verið gefin um kreppuna margfrægu sem við erum öll svo upptekin af. Nei, heilbrigðisstarfsmennirnir hafa sagt að þetta geti tekið mörg ár, jafnvel áratugi, að sjúkdómurinn muni jafnvel ekki virða mörkin að vera skilgreindur sem barn þ.e. 18 ára. Og fjölskyldan spyr. Af hverju við?

Þær eru margar reynslusögurnar af þessu tagi sem Umhyggja býr yfir og sem betur fer eru oft til ýmis ráð og viðbrögð sem hafa getað létt fjölskyldum lífið. Félagið hefur borið gæfu til að geta aðstoðað fjölskyldur langveikra barna sem lent hafa í svona hremmingum, hremmingum sem geta tekið öllum kreppum fram. Eftir langan starfsferil hefur Umhyggja góða yfirsýn yfir stærð hópsins sem þarfnast einhvers konar aðstoðar.

Þess vegna segjum við við ráðamenn: „Komið til okkar og leitið upplýsinga. Hópurinn er ekki eins stór og dýr og þið haldið.“ Upphæðirnar eru ekki háar samanborið við alla milljarðana sem hafa verið svo mikið í umræðunni undanfarna mánuði. Við getum fullvissað alla um að reynslusagan sem ég lýsti hér að ofan mun endurtaka sig.

Verum þá undirbúin.

Öll.

Leifur Bárðarson, formaður Umhyggju

Forsíðumyndina tók Jónatan Grétarsson í spítalaskólanum á Barnaspítala Hringins. Elís Máni Elísson er glaður á svip með pönnukökuna í annarri hendinni á pönnukökudegi í spítalaskólans.

1. tbl. 13. árgangur 2009

TÍMARIT UMHYGGJU

Útgefandi: Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum.

Framkvæmdastjóri Umhyggju og ábyrgðarmaður blaðsins:

Ragna K. Marinósdóttir

Stjórn Umhyggju: Leifur Bárðarson formaður, Guðni Hreinsson

varaformaður, Hákon Hákonarson gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir

ritari, Rósa Einarsdóttir, Bryndis Torfasóttir og Hálfán Þorsteinsson

meðstjórnendur.

Ritnefnd: Ragna K. Marinósdóttir, Bryndis Torfadóttir, Hálfán Þorsteinsson og Rósa Einarsdóttir.

Ritstjórn: Fríða Björnsdóttir (fridabjornsdottir@gmail.com) og Vala Ósk Bergsveinsdóttir (valaosk@gmail.com)

Útlitshönnun: IB

Ljósmyndari: Jónatan Grétarsson

Auglýsingar: Markaðsmenn

Prentun: Litlaprent

Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík; Sími 552 4242; Fax 588 9272; GSM 863 4243 Netfang: umhyggja@umhyggja.is; Heimasíða: www.umhyggja.is Öheimilt er að nota efni úr blaðinu nema heimildir sé getið.

MARGT VEL GERT EN ANNAÐ DUTTLUNGUM HÁÐ



Hulda Sólrún Guðmundsdóttir sálfræðingur

Miklar umræður urðu um skólamál langveikra barna á aðalfundi Umhyggju fyrir ári. Töldu menn að taka þyrfti til hendinni varðandi þessi mál því að víða væri pottur brotinn. Ákveðið var að stofna skólanefnd Umhyggju og var aðildarfélögunum boðið að skipa fulltrúa í nefndina. Á síðasta aðalfundi var svo lagt fram yfirlit yfir störf nefndarinnar, meginmarkmið og aðgerðaáætlun fyrir næstu ár.

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir sálfræðingur starfar á Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar og hefur auk þess verið í stjórn Umhyggju allengi. Hún tók að sér að hrinda starfi nefndarinnar úr vör og halda verkinu lifandi með stuðningi nefndarmanna. Það lá því beinast við að fá hana til að segja frá starfi nefndarinnar og hvað væri á döfinni.

„Við lögðum fram á síðasta aðalfundi samantekt þar sem fram kom hvað við hefðum gert á liðnu ári. Við hittumst einum fimm sinnum og unnum auk þess töluvert mikið milli funda. Eftir aðalfundinn í vetur var vinnunni haldið áfram og nú erum við að hrinda aðgerðaáætlun okkar í framkvæmd.

Þetta fyrsta ár notuðum við til að kanna grundvöllinn og safna upplýsingum um það sem hefur gengið vel og hitt sem hefur ekki gengið eins vel. Okkur þótti nauðsynlegt að heyra frá þeim sem best þekkja til í þessum málum og átta okkur á því hver staðan raunverulega væri til þess að við gætum sett einhverjar línur og ákveðið hvað við þyrftum að gera áður en við hæfumst handa við að framkvæma. Við vildum ekki hefja starfið án þess að vera búin að gera okkur nokkra grein fyrir umfangi verksins,“ segir Hulda Sólrún.

Hræðsla, óöryggi eða vanþekking

–Í markmiðum ykkar er rætt um að auka þekkingu og skilning á þörfum og stöðu langveikra barna innan skólakerfisins.

„Já. Eitt af því sem við komumst að var að kannski væri hluti

vandans ákveðin hræðsla eða óöryggi innan skólakerfisins sem byggðist á vanþekkingu. Þeir sem starfa í skólunum eru sumir hverjir ragir við að taka á þessum málum, einfaldlega vegna þess að þeir þekkja ekki nógu mikið til þeirra. Þeir vita ekki hverjar þarfirnar eru og hvernig á að bregðast við hinum ýmsu sjúkdómum. Við sáum að eitt af því sem gera þyrfti væri að efla færni og þekkingu fólksins sem starfar í skólunum en vissulega eru mörg dæmi um að vel sé að verki staðið.“

–*Dið talið um langveik börn en ekki börn með sérþarfir?*

„Barn með sérþarfir er miklu viðtækara og reyndar byrjuðum við á að tala um svo viðtækan hóp en ákváðum síðan að „fókusa“ sérstaklega á þennan markhóp Umhyggju þótt það sem við erum að fjalla um eigi að sjálfsögðu við um miklu stærri hóp. Auðvitað gilda að mörgu leyti sömu lögmál um báða hópana. Sjónarhóll fæst við málefni allra barna með sérþarfir en Umhyggja hefur einbeitt sér sérstaklega að langveikum börnum með líkamlega sjúkdóma eða geðraskanir sem vara í lengri tíma. Það er svolítið misjafnt eftir skilgreiningu hvar mörkin eru sett, sumir tala um sjúkdóma sem vara í þrjá mánuði eða lengur en

UMHYGGJA HEFUR EINBEITT SÉR SÉRSTAKLEGA AÐ LANGVEIKUM BÖRNUM MEÐ LÍKAMLEGA SJÚKDÓMA EÐA GEÐRASKANIR SEM VARA Í LENGRI TÍMA“

SKÓLANEFND UMHYGGJU

FYRIRLIÐI SKÓLANEFNDAR UMHYGGJU ER HULDA SÓLRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR, SKÓLASÁLFRÆÐINGUR Í MOSFELLSBÆ. HÚN TEKUR ÞÁTT Í STARFINU SEM ÁHUGAMAÐUR UM MÁLEFNI LANGVEIKRA BARNNA OG FJÖLSKYLDNA ÞEIRRA OG SEM FAGMAÐUR EN LOKARITGERÐ HENNAR Í SÁLFRÆÐI FJALLAÐI EINMITT UM FJÖLSKYLDUR LANGVEIKRA BARNNA. AÐRIR Í NEFNDINNI ERU RAGNA MARINÓSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI UMHYGGJU, AUÐUR ÁRNADÓTTIR FRÁ EINSTÖKUM BÖRNUM, GUÐRÚN BERGMANN FRANZSDÓTTIR FRÁ NEISTANUM, THELMA BJÖRK BRYNJÓLFSDÓTTIR FRÁ LAUF OG ÓSKAR ÖRN GUÐBRANDSSON FRÁ SKB. SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR FRÁ TOURETTE SAMTÖKUNUM OG ÁSTA BJÖRK BJÖRNSDÓTTIR FRÁ FSH STÖRFUÐU MEÐ NEFNDINNI UM TÍMA.

aðrir vilja setja mörkin við sex mánuði. Við erum fyrst og fremst að tala um börn sem glíma við einhverja langvinna sjúkdóma, eitt-hvað meira en nokkurra daga flensu, án þess að hengja okkur í ákveðna tímalengd.“

Réttindi skjólstæðinganna tryggð

–*Þið viljið fylgja því eftir að langveik börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum og reglugerðum.*

„Já, og hluti af því sem við ákváðum að gera var einmitt að koma ábendingum til Menntamálaráðuneytisins varðandi reglugerðina sem verið er að semja í tengslum við nýja skólalöggjöf til að tryggja réttindi skjólstæðinga okkar. Lögin kveða m.a. á um að börn sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda hafi rétt á sjúkrakennslu, heima eða annars staðar. Þegar þau eru á spítala fá þau kennslu eftir því sem heilsan leyfir. Langveik börn eru líka stundum fjarverandi frá skóla þar fyrir utan vegna sjúkdóms síns en fá þá oft enga eða litla kennslu. Þau eiga rétt á sjúkrakennslu og metið er í hverju tilfelli og í samráði við lækni, hvort hún skuli fara fram í skólanum eða hvort einhver kemur heim til barnanna. Víða er pottur brotinn hvað þetta varðar og börn fá ekki alltaf þessa kennslu þótt annars staðar sé þessu vel sinnt.“

–*Er það vegna þess að skólinn býður ekki upp á sjúkrakennsluna eða sækjast foreldrar ekki eftir henni?*

„Segja má að það sé sitt lítið af hvoru. Þetta gerist ekki sjálfkrafa. Það þyrfti að verða þannig að þegar barn er farið að vera frá skóla vegna veikinda í lengri tíma bendi skólastjórnendur foreldum á að það geti fengið sjúkrakennslu eða bjóði þeim hana. Foreldrarnir ættu ekki alltaf að þurfa að banka sjálfir upp á. Boða ætti foreldrana á fund og fara yfir málin með þeim: Hvernig er heilsu barnsins háttað? Darf það að fá undanþágu vegna veikinda? Fræðsluskyldan er í höndum sveitarfélaganna og vissulega er það skylda foreldranna að koma börnunum í skóla. En þegar um alvarleg veikindi barna er að ræða hafa foreldrar oft ekki þá umframorku sem þarf til að berjast fyrir þessu. Við erum í raun að kalla eftir því að kerfið komi til móts við þá og bendi þeim á hver rétturinn sé.

Kannski þurfa börnin aðeins einhverjar tilslakanir innan skólans, jafnvel bara að vera í minni hópum eða fá að vera með skerta stundatöflu um tíma. Ekki ætti að þurfa að berjast fyrir því með kjafti og klóm í hvert einasta skipti.“

Þjónustan stundum duttlungum háð

–*Hvað er átt við með að auka samræmi milli skóla og/eða sveitarfélaga varðandi þjónustuna sem langveikum börnum stendur til boða?*

„Þetta er ef til vill stærsti þátturinn því að við höfum uppgötvað að það virðist allt að því vera háð duttlungum skólastjórnenda á hverjum stað hvernig þessum málum er háttað. Í einum skóla fær barn með einhvern ákveðinn sjúkdóm og tiltekna þarfir ekki neina þjónustu en barn með sömu þarfir fær afbragðsþjónustu í næsta skóla. Þetta viljum við jafna og samræma svo að þjónustan sem barnið fær sé ekki háð einstaklingum eða persónum innan skólanna. Hluti af því sem við ætlum að gera er að óska eftir að fá fulltrúa frá þjónustumiðstöðvum í Reykjavík og fræðsluskrifstofum sveitarfélaganna á okkar fund til að ræða þessi mál og finna leiðir til að samræma þetta svo að settar verði einhvers konar vinnureglur svo að jafnræðis sé gætt, í það minnsta innan hvers sveitarfélags fyrir sig.“

–*Hafið þið myndað ykkur skoðun á því hver sé ástæða þessa misræmis; fáfræði, peningaleysi eða einhver mótþrói?*

„Erfitt er að benda á eina skýringu og væri óábýrgt að ætla að gera það. Við höfum hvorki getað rannsakað þetta né rætt málið við forsvarsmenn skólanna. Miðað við lýsingar foreldra og hvernig

”OKKUR FINNST AÐ ÞEIM SEM SJÁ UM MENNTUN KENNARA BERI SKYLDNA TIL AÐ UPPFRÆÐA ÞÁ UM ÞARFIR ALLRA BARNNA OG ÞÁ LÍKA LANGVEIKRA BARNNA OG BARNNA MEÐ SÉRÐARFIR.“

þetta birtist sumum þeirra þá virðist það vera háð persónunum sem taka á móti þeim í skólanum, yfirleitt skólastjórnendum, hvert framhaldið verður. Foreldrar virðast upplifa þetta þannig.

Svo er líka misvel staðið að þjónustunni við langveik börn eftir því með hvaða sjúkdóm þau eru. Til dæmis býður teymi frá spítalanum upp á að koma með fræðslu inn í skóla krabbameinsveikra barna og sama á reyndar við um fleiri sjúkdómahópa. Þeir sem vinna með þessi börn fá mjög góða fræðslu og geta spurt og leitað til ákveðinna aðila á meðan slíkt er ekki fyrir hendi fyrir aðra hópa. Þar með verður þetta erfiðara fyrir kennarana. Vel getur verið um sjaldgæfa sjúkdóma að ræða og þeir vita ekki hvernig á að bregðast við þeim enda ekki hægt að ætlast til að þeir geri það.

Mikill áhugi er fyrir því á barnaspítalanum að taka þátt í verkefninu með okkur og við erum m.a. að reyna að ná saman teyminum fyrir fleiri sjúkdómahópa svo að viðeigandi fræðsla verði í boði. Við ætlum okkur líka að hafa samband við skólahjúkrunarfræðingana og kanna hvort ekki sé grundvöllur til að fá þá til samstarfs og að taka beint þátt í fræðslu af þessu tagi.

Eitt af því sem við sjáum að vantar í grunnnám kennara er almenn fræðsla, kannski ekki um mjög sérhæfð einkenni hvers sjúkdóms fyrir sig, heldur a.m.k. það sem almennt gildir um veik börn og þarfir þeirra. Til hvers þarf að taka tillit og hver eru réttindi barnanna?

Okkur finnst að þeim sem sjá um menntun kennara beri skylda til að uppfræða þá um þarfir allra barna og þá líka langveikra barna og barna með sérþarfir.“

Könnun meðal aðildarfélaganna

Skólanefnd Umhyggju sendi út könnun til aðildarfélaganna með spurningum um það hvernig aðstandendum barnanna þætti staðið að málum í skólunum fyrir þeirra hóp. Svörin eru að berast og er ætlunin að taka saman yfirlit yfir niðurstöðurnar um stöðuna í skólamálunum, þ.e.a.s. eins og foreldrar upplifa hana og svo verður hægt að afhenda þær forsvarsmönnum skólamála hjá sveitarfélögunum. Upplifunin er misjöfn eftir því við hvern er talað að sögn Huldu Sólrúnar. Rétt er að taka fram að sérstaklega var beðið um að fólk kæmi líka með dæmi um það þegar vel væri að verki staðið til að nýta upplýsingarnar sem fyrirmynd að því hvernig hægt væri að standa að málunum. „Við megum ekki gleyma að víða er þetta vel gert,“ segir Hulda Sólrún.

Í lokin segir hún að á aðgerðaáætlun skólanefndar sé að taka saman upplýsingablað til skóla varðandi langvinna sjúkdóma. Það verði þó ekki gert fyrr en nefndin hafi mótað verkefnið vel, komist að því hver staðan sé í raun og hver sé draumsýnin. „Þetta yrðu leiðbeiningar fyrir foreldra og þá sem starfa í skólunum um það hvernig gott sé að standa að málum og um þarfir og réttindi barnanna. Við gerum okkur grein fyrir að við getum ekki gert allt í einu en við viljum hitta og eiga fundi með svo mörgum aðilum að við verðum að halda ótrauð áfram, enda erum við nú þegar komin með vinnuáætlun til eins til tveggja ára a.m.k.“



Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra

AUKNAR SKYLDUR SKÓLA VEGNA SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU

Mikil umræða er um það hvernig komið er til móts við þarfir langveikra barna í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Fyrir ári var sett ný rammalöggjöf um þessi skólastig en samkvæmt upplýsingum **Katrínar Jakobsdóttur** var þar ekki fjallað sérstaklega um ákveðna hópa innan skólakerfisins. Umhyggja lagði nokkrar spurningar fyrir ráðherrann um nýju lögin og langveik börn.

-Hafa miklar breytingar orðið í réttindamálum langveikra barna í nýju lögunum miðað við fyrri lög og hverjar eru helstar?

„Lögin sem samþykkt voru síðasta sumar eru rammalöggjöf og er ekki fjallað sérstaklega um réttindi ákveðinna hópa. Dannig er ekki fjallað á afmarkaðan hátt um málefni langveikra barna en lögin setja hins vegar auknar skyldur á skólana til að mæta þörfum einstaklinga fyrir sérfræðiþjónustu og er það mikilvægt skref fyrir langveik börn. Ekki er síður mikilvægt að í lögunum er fjallað um réttindi barna til sjúkrakennslu og úrræði þar að lútandi,“ segir Katrín Jakobsdóttir.

-Hvenær tóku síðustu lög þar á undan gildi?

„Síðustu lög um leikskóla eru frá 1994, lög um grunnskóla eru frá árinu 1995 og lög um framhaldsskóla eru frá 1996.“

Gert ráð fyrir sérþörfum árið 1992

-Hvenær var fyrst með lagasetningu gert ráð fyrir sérþörfum langveikra barna allt frá leikskólaaldri og upp í framhaldsskóla?

„Árið 1992 voru sett lög um málefni fatlaðra og hafa þau verið höfð til hliðsjónar við lagasetningu og reglugerða- og námskrárvinnu í menntamálaráðuneytinu síðan. Í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er fjallað um langveik börn í leikskólum í kafla um sérþarfir barna og er kveðið á um að tekið sé tillit til aðstæðna hvers barns svo það fái notið sín á eigin forsendum. Degar kemur að málefnum langveikra barna í grunnskólum þá er í aðalnámskrá frá árinu 2006 kveðið á um réttindi langveikra barna í tengslum við hugmyndafræðina um skóla án aðgreiningar. Í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla frá 2004 er víða kveðið á um réttindi langveikra nemenda, s.s. um undanþágur vegna skólasóknar, frávik frá námsmati og frávik eða undanþágur í einstökum námsgreinum eða námsáföngum.“

Haft samráð við hagsmunaaðila

-Hvernig er ætlunin að tryggja að framfylgt verði þeim réttindum sem lögin gera ráð fyrir og þar með að börnin njóti þess sem þar er kveðið á um? Mikil áhersla er lögð á sjálfstæði skóla og í framhaldi af því hvernig er þá tryggt að það sé ekki háð persónum, eða persónulegum dutlungum, hvernig farið er með þessi réttindi?

„Svarið við þessum spurningum er á þá leið að í kjölfar nýrra menntalaga er á vegum menntamálaráðuneytis unnið að setningu nýrra reglugerða sem er einn mikilvægur liður í innleiðingu laganna. Við samningu reglugerðanna er haft samráð við hagsmunaaðila. Í reglugerð um sérfræðiþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunn-

skólum og reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum verður kveðið á um rétt langveikra nemenda.

Í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um eftirlitshlutverk menntamálaráðuneytis, gæðamat, úttektir og ákvæði um kæruheimildir til ráðuneytisins. Verkferlar um eftirlitshlutverk ráðuneytisins eru því skýrir.

Aðgerðaáætlun um málefni barna og ungmenna hefur verið samþykkt á Alþingi og er þar sérstaklega kveðið á um málefni barna með ADHD og langveik börn. Fjármagn hefur verið tryggt til að styðja sérstaklega við þessa hópa og sérstök verkefnisstjórn með fulltrúum stjórnvalda, m.a. menntamálaráðuneyti, vinnur að útfærslu þeirra aðgerða sem taldar eru brýnastar.“

Fjöldi langveikra barna óþekkt stærð

-Er vitað hversu mörg langveik börn eða börn með sérþarfir eru í skólum landsins og hver kostnaður fylgir því að veita þeim þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum?

„Þessar upplýsingar hafa því miður ekki legið fyrir í menntamálaráðuneytinu en nú er unnið að því að safna þeim saman frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna, Sjónarhóli og Tryggingastofnun.“

-Mikið er rætt um aðhald, niðurskurð og sparnað í þjóðfélaginu. Getur aðhaldið í fjármálum sem búast má við að verði viðhaft á næstunni ekki átt eftir að bitna á skólunum eins og öðrum stofnunum og haft meiri áhrif á niðurskurð kostnaðar sem kann að skapast vegna þarfa langveikra barna sem er minni hlutahópur? Verður aðhaldið kannski til að draga úr stuðningsúrræðum þessara barna?

„Nú er unnið að því að leggja heildarlinur fyrir fjárlög næstu ára. Eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður lögð áhersla á að vernda þá hópa sem standa höllum fæti og er þá sérstaklega hugað að börnum og ungmennum og í þeirra hópi börnum með sérþarfir. Ríkisstjórnin er meðvituð um að mikilvægt sé að horfa til mennta- og velferðarkerfisins við uppbyggingu Íslands,“ segir Katrín Jakobsdóttir, ráðherra mennta- og menningarmála að lokum.

„**ÁRIÐ 1992 VORU SETT LÖG UM MÁLEFNI FATLAÐRA OG HAFU ÞAU VERIÐ HÖFÐ TIL HLIÐSJÓNAR VIÐ LAGASETNINGU OG REGLUGERÐA- OG NÁMSKRÁRVINNU Í MENNTAMÁLARÁÐUNEYTINU SÍÐAN“**

Garði á Suðurnesjum búa kennarahjónin Jónína Holm og Vignir Bergmann ásamt fjölskyldu sinni en sonur þeirra, Ari Páll Vignisson Bergmann, 17 ára er fjölfatlaður. Fötlunin hefur þó ekki aftrað Ara Páli þegar kemur að skólagöngu og stundar hann nú nám á Starfsbraut við Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Undirbúningur mikilvægur

Ari hóf skólagöngu sína í Gerðaskóla í Garði og segir Jónína veru hans þar hafa nánast verið eins og í lygasögu. „Einu og hálfu ári áður en Ari byrjaði í

skóla fórum við að huga að skólagöngunni, láta vita af honum og koma af stað samstarfi við skólann,“ segir hún. Foreldrarir höfðu leitt hugann að því að flytja úr bænum til Reykjavíkur vegna fötlunar Ara en voru ekki tilbúnir að rífa heimilið upp. Það varð því úr að hann hóf nám við grunnskólann og segir Jónína bæði bæjaryfirvöld og Gerðaskóla hafa verið mjög jákvæð gagnvart aðstæðum þeirra. „Skólinn kom með einlæga spurningu í upphafi um hvort hann gæti lært eitthvað,“ segir Jónína, „og það var spurning sem átti alveg rétt á sér en Ari sýndi það strax að hann gæti lært.“

Til að undirbúa sig fóru Jónína og Vignir í heimsókn til Akureyrar til að kynna sér reynslu fjölfatlaðs drengs þar af skólakerfinu og hún segir þau hafa lært heilmikið í þeirri ferð. „Ég held að það hafi einnig haft mikið að segja að við búum í litlu samfélagi,“ segir hún. „Fólk þekkir til okkar og samkenndin er mikil.“



Ari með Ernu M. Sveinbjarnardóttur skólastjóra sem veitti honum viðurkenningu

SKÓLAR EIGA AÐ ENDURSPEGLA ÞVERSKURÐ ÞJÓÐFÉLAGSINS

Í framhaldi af umfjöllun um skólamál langveikra og fatlaðra barna er tilvalið að segja frá jákvæðum reynslusögum úr skólastarfi. Umhyggja fór því á stúfana og spjallaði við móður fjölfatlaðs drengs og hefur hún einungis góða sögu að segja af skólagöngu sonar síns.

TEXTI: VALA ÓSK BERGSVEINSDÓTTIR

Foreldrar taki ábyrgð

Jónína segist heyra margar leiðinlegar sögur um skólagöngu langveikra og fatlaðra barna og þá miklu togstreitu sem myndist á milli skóla og foreldra. „Málið er að það er ekki hægt að ætlast til einhvers af skólanum strax í upphafi heldur byggist þetta á samvinnu. Skólinn getur ekki alltaf vitað nákvæmlega hverjar þarfir nýrra nemenda eru og því þurfum við foreldrar að taka ábyrgð.“

Fékk 10 í íslensku

Degar grunnskólaárunum lauk var Jónína ekki viss hvort Ari ætti að fara í frekara nám og segist í raun hafa vanmetið son sinn svolítið. „Þetta var e.t.v. bara hræðsla hjá mér. Við tókum síðan ákvörðun og svo var haldið af stað,“ útskýrir hún. Degar Ari hóf nám í Fjölbautaskóla Suðurnesja hafði enginn eins fatlaður og hann stundað nám þar áður en strax frá fyrsta degi gekk honum vel bæði í námi og í samskiptum við samnemendur. „Það er gaman að segja frá því að Ari tók tvö próf nú í vor sem gengu vel,“ segir Jónína. „Hann tók t.d. sama próf og aðrir nemendur á starfsbraut í íslensku og fékk 10!“

Reglulegir teymisfundir eru haldnir tvisvar á ári í skólanum þar sem tekin eru fyrir mál er varða Ara og skólann og Jónína telur þessa fundi mjög mikilvæga.

SKÓLAR EIGA NÁTTÚRLEGA AÐ ENDURSPEGLA ÞVERSKURÐ ÞJÓÐFÉLAGSINS OG RAUNIN ER SÚ AÐ ÞAÐ DARF AÐ VINNA HLUTINA SAMAN, FORELDRAR OG SKÓLI.“

Hún segir skipta miklu máli að langveikum og fötlum börnum sé gefið tækifæri til að fara í skóla en auðvitað séu börn ólík og því þurfi fyrirkomulagið að skoðast út frá hverju barni fyrir sig. „Það eru svo margir þættir sem spila saman,“ segir Jónína. „Skólar eiga náttúrulega að endurspeglar þverskurð þjóðfélagsins og raunin er sú að það þarf að vinna hlutina saman, foreldrar og skóli.“

MEGINÁHERSLA LÖGÐ Á MARGBREYTI-LEIKANN

Almennt er talið að rúmlega 20% nemenda í grunnskólum séu með sérþarfir, sem þýðir að þeir þurfi á einhvers konar aðstoð að halda í tengslum við skólanámið. „Það er langt í frá að þetta sé einsleitur hópur,“ segir **Anna Kristín Sigurðardóttir**, deildarforseti kennaradeildar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.



Anna Kristín Sigurðardóttir er deildarforseti kennaradeildar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Mynd Fríða Björnsdóttir.

Þessum hópi geta verið langveik eða fötluð börn, stór hópur er skilgreindur með námserfiðleika og annar hópur hefur ekki íslensku sem móðurmál. Þar fyrir utan eru svo nemendur með sérstaka hæfileika á einhverju sviði. Loks tala menn um að huga verði að sérþörfum drengja og sérþörfum stúlkna. Allir þurfa þessir hópar á sérstakri aðstoð kennarans að halda. „Hvar er þessi „normal“ nemandi,“ spyr Anna Kristín og bætir við. „Hann er ekki til.“

Flókið og mikilvægt starf

„Hvernig geta kennaranemar búið sig undir kennsluna og bjóðast þeim sérstök námskeið sem gera þeim auðveldara að mæta þessum breytileika þegar í skólann er komið?“

„Það er ekki einfalt fyrir fólk að búa sig undir þetta flókna og mikilvæga starf. Í kennaranáminu leggjum við áherslu á að undirbúa fólk undir að mæta þessum margbreytileika. Það getur enginn orðið sérfræðingur á öllum þeim sviðum sem skólastarf krefst. Fyrir utan að þekkja allar þessar fjölbreyttu þarfir verður kennarinn að kunna námsgreinarnar sem honum er ætlað að kenna. Hann þarf að vera inni í námskrám, lögum og reglum og barna-verandarmálum, hann þarf að þekkja mismunandi námsleiðir nemenda, námsmat og margt fleira. Við leggjum því megináherslu á að undirbúa hann undir margbreytileikann svo að námið verði honum eins og brunnur sem hann getur sótt í þegar hann kemur til starfa og mætir hverju verkefni.“

Búast má við breytingum á námskránni

Og Anna Kristín heldur áfram: „Ef við horfum bara á langveik börn þá get ég eiginlega ekki sagt að það sé neitt ákveðið námskeið í kennaranáminu sem sérstaklega sé ætlað að búa kennaraefni undir að kenna langveikum börnum. Á hinn bóginn eru mörg námskeið sem snerta á þessum þætti, kannski sérstaklega í leikskólakennaranáminu. Þar er námskeið um skóla án aðgreiningar, annað sem tengist heilsu og heilsutengdum vanda og loks námskeið um heilsuefingu almennt.“

Þessi námskeið eru ekki fyrir hendi í grunnskólakennaranáminu, eða hafa ekki verið fram að þessu. Nú þegar kennaranámið breytist í framhaldi af því að það verður fimm ár, fyrst þriggja ára grunnnám og síðan meistaranám sem veitir kennsluréttindi, má gera ráð fyrir einhverjum breytingum á námskránni. Reglugerð um inntak kennaranáms er í vinnslu og þar af leiðandi er heldur ekki búið að ganga frá væntanlegri námskrá. Eftir 1. júlí 2011 munu engir fá réttindi til kennslu nema að hafa lokið meistaraþrófi.“

Áföll í nemendahópnum

Mjög margir nemendur hafa tekið valnámskeiðið Áföll í nemendahópnum. Þar er tekið á öllu mögulegu sem getur komið upp í hópnum, má þar nefna alvarleg veikindi hjá nemanda, foreldrum eða einhverjum öðrum á heimilinu, slys eða eitthvað sem gerist óvænt í skólanum sjálfum.

EFTIR 1. JÚLÍ 2011 MUNU ENGIR FÁ RÉTTINDI TIL KENNSLU NEMA AÐ HAFI LOKIÐ MEISTARAÞRÓFI.“

„Þetta námskeið er vinsælt hjá kennaranemum. Deim finnst þeir þurfa á þessu að halda. Það snertir aðeins þann hóp nemenda sem er langveiku börnin, en þó er ekki beint hægt að segja að námskeiðið sé til þess að undirbúa fólk undir að kenna langveikum börnum. Það verður heldur ekki gert með einföldum hætti því langveik börn eru svo sannarlega ekki einsleitur hópur heldur með margvíslegar þarfir svo að kennarinn þarf að vera bæði opin og vel undirbúinn. Hann þarf líka að vita hvar hann getur aflað sér þekkingar þegar slíkur nemandi kemur í bekkinn.“

Kennaraefni búið undir margbreytileikann

Anna Kristín segir að með lengingu kennaranámsins sé vilji fyrir því að styrkja þann þátt sem tengist kennslu barna með hvers konar sérþarfir og búa kennaraefni undir að takast á við margbreytileikann í skólastarfi, t.d. út frá skilgreindum réttindum barna eins og þau birtast í barnasáttmálanum og í lögum um skólastarf. Frekari sérhæfing mun þó líklega alltaf verða samkvæmt vali nemenda og einhverjir geta sérhæft sig meira en aðrir á þessu sviði. „Varðandi veikindi barna þá skiptir máli að kennari þekki leiðirnar sem hann þarf að fara til að leita frekari þekkingar og aðstoðar. Ef t.d. kemur nemandi í sex ára bekk með einhverja tegund fötlunar eða með ákveðinn sjúkdóm þá þarf kennarinn að vita að það er ekki í hans valdi að gera allt sjálfur. Kerfið í skólanum á að vera þannig uppbyggt að hægt sé að leita sér stuðnings hjá samstarfsfólki eða í stoðkerfi í kringum skólann sem getur

„MEÐ LENGINGU NÁMSINS OG NÝRRI NÁMSKRÁ KEMUR STERKARI GRUNNUR UNDIR VERKEFNI SEM ÞESSI EN LÍKLEGA MUN SÉRHÆFINGUNA ÞÓ VANTA ÁFRAM A.M.K Á EINHVERJUM SVIÐUM“

leiðbeint kennaranum. Kennarinn á að vita hvar hann getur leitað sér hjálpar eða aðstoðar og síðan getur hann líka byrjað að lesa sér til um viðkomandi sjúkdóm eða fötlun. Þannig á námið að vera brunnur sem hægt er að sækja í þegar þörf krefur.“

Lokaverkefni um kennslu langveikra

„Hefur þegar verið ákveðið hvers konar námskeiðum verði ef til vill bætt inn í kennaranámið með breyttu fyrirkomulagi þess?“

„Ég get ekki nefnt ákveðin námskeið enn sem komið er en til greina gæti komið möguleiki á að sérhæfa sig í kennslu barna með sérþarfir. Þessi sérhæfing gæti numið allt að hálfum vetri fyrir almennan kennara sem gæti svo bætt við sig meira námi ef hann ætlaði sér að verða sérkennari.“

Að sögn Önnu Kristínar hafa nokkrir nemendur í kennaranámi, bæði á leikskólakennaraleið og grunnskólakennaraleið skrifað lokaverkefni um kennslu langveikra barna. Í tengslum við verkefnið hafa þeir verið mjög áhugasamir og kynnt sér þessa kennslu sérstaklega, t.d. með því að fara á barnaspítalann og fylgjast þar með hvernig kennslunni er háttað.

„Með lengingu námsins og nýrri námskrá kemur sterkari grunnur undir verkefni sem þessi en líklega mun sérhæfinguna þó vanta áfram a.m.k á einhverjum sviðum. Hana verða kennarar að ná sér í eftir því sem þeir mæta verkefnunum hverju sinni. Þeir munu aldrei geta undirbúið sig í náminu undir öll verkefni sem þeir mæta í starfinu.“

Allir urðu að kunna pínulítið í öllu

„Nú er líka verið að efla það sem kalla mætti teymishugsun og samvinnu kennara úti í skólunum. Hér áður var lítið þannig á að allir yrðu að kunna pínulítið í öllu. Nú er áherslan frekar sú að ekki þurfi allir að kunna allt, enda er skólinn svo gríðarlega fjölbreytt samfélag sem þarfnast þekkingar á mörgum sviðum. Mikilvægt er að einn skóli geti ráðið til sín fólk með margvíslega sérþekkingu sem svo vinni saman í teymum, miðli hvert öðru og hjálpið að við að leysa viðfangsefni dagsins. Fólk þarf að hafa tækifæri til að sérhæfa sig og hafa kunnáttu til að vinna með öðrum, geta miðlað og tekið við og skipulagið þarf að vera með þeim hætti að sérþekking hvers og eins nýtist,“ segir Anna Kristín Sigurðardóttir að lokum.



GJAFIR

VEGLEG PENINGAGJÖF

Starfsmenn og stjórn MP Banka ákváðu fyrir síðustu jól að styrkja Umhyggju með veglegri peningagjöf. Styrkurinn skyldi vera jólagjöf frá MP Banka og viðskiptavinum. Ákveðið var að í stað þess að gefa viðskiptavinum jólagjöf léti bankinn gott af sér leiða. Stofnaður var reikningur hjá MP Banka í nafni Umhyggju og var það fyrsti reikningurinn sem stofnaður var hjá bankanum eftir að hann fékk viðskiptabankaleyfi.

Stjórn, starfsmenn og viðskiptavinir MP Banka óska Umhyggju farsældar í mikilvægum verkefnum sínum. Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP Banka, og Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Banka, afhentu Rögnu K. Marinósdóttur, framkvæmdastjóra Umhyggju, og Leifi Bárðarsyni, þáverandi varaformanni félagsins styrkinn.

Umhyggja þakkar gjöfina.



GJAFIR

DUGMIKLIR KRAKKAR GEFA VINNULAUNIN SÍN

Þegar voraði fyrir austan fóru duglegu nemendurnir í 1. og 2. bekk á Eiðum út um víðan völli til að hreinsa allt sem hreinsa þurfti í hinum yndislegu móum við Eiðavatn. Þetta voru kátir krakkar sem fúslega vildu gefa vinnulaunin til langveikra barna og leggja þar með eitthvað af mörkum. Forsvarsmenn framtaksins senda bestu þakkir til BSRB fyrir samstarfið og við Umhyggju vilja þeir segja: „Megi allt það góða í heimi hér verða ykkar veganesti.“ Um leið voru sendar bestu kveðjur fyrir hönd nemenda og starfsfólks í Eiðaskóla (Grunnskólanum á Egilsstöðum og Eiðum).

Umhyggja þakkar þessum duglegu krökkum og þeim sem með þeim unnu fyrir framlagið.



Halldóra Jónsdóttir spilar á tónleikum með kennara sínum, Valgerði Jónsdóttur og Hrafn Harðarson leikur á bjöllum.

HLUTVERK OG MIKILVÆGI TÓNLISTAR OG TÓNLISTARKENNSLU Í LÍFI BARNA

Markmið þessa greinarkorns er að varpa ljósi á mikilvægi tónlistar og tónlistarkennslu fyrir öll börn en þó einkum þau börn sem vegna veikinda eða þroskaskerðingar glíma við skerta færni eða sérþarfar af einhverjum toga.

Strax við fæðingu bregst nýburinn við ýmsum skyn-áreitum er krefjast töluvert þroskaðrar heilastarfsemi. Því eru margir þeirrar skoðunar að nám hefjist í móðurkviði. Sé þroskaframvinda innra eyrans eðlileg leyfir hún strax á 25. viku meðgöngunnar (5. - 6. mánuði) flutning tón- og hljóðupplýsinga eftir heyrnartauginni sem er sú fyrsta af höfuðtaugunum til að þroskast.

Niðurstöður rannsókna gefa vísbendingu um að þessi hæfileiki fóstursins og töluvert fjölbreytt tón- og hljóðáreiti í umhverfi þess eigi drjúgan þátt í að þróa þá vitsmunafærni sem nýburinn fæðist með (Lecanuet 1996). Hversu mikið einstaklingur bregst við umhverfi sínu fyrir og eftir fæðingu er því háð skynreynslu hans og getu til að vinna úr skynáreitum. Þessi færni þróast strax á meðgöngu og veltur á þroskaferli sem hefst með áreiti sem skynfærin nema og breyta í skynjanleg fyrirbæri eins og hljóð í formi tónlistar. Fósturheilinn vinnur úr áreitum í samræmi við hæfileika sína á hverjum tíma. Hann lærir að bera kennsl á

eða að þekkja (þetta hef ég heyrt áður) og að flokka (þetta er gott eða þetta líkar mér ekki). Hann lærir að bera saman við fyrri reynslu og að greina samhengi hlutanna (alltaf gerist eitt-hvað á sama tíma) og hann geymir reynslu sína í minninu. Barnið geymir jákvæða og neikvæða reynslu frá meðgöngunni sem síðar getur haft áhrif á tilfinninganæmi þess og atferli eftir fæðinguna.

Tónlistarþroski ungra barna

Strax við fæðingu er barninu eðlislegt að tjá sig hrynrænt og lagrænt og hefur það yfir að ráða ótrúlegu tónnæmi. Við segjum gjarnan að barnið syngi og dansi löngu áður en það getur talað eða gengið. Það tjáir líðan sína í lagrænu hjali og lærir smám saman að hljóð má nota til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Það kann blautariu, hungurariu, finn til ariú, gleðiaríu o.s.frv. Það lærir að tónar, hljóð og annað sem heyrir í getur haft þýðingarmiklar upplýsingar að geyma. Barnið lærir að hljóð koma

frá hljóðgjafa, lærir að það getur sjálft framkallað tóna og hljóð og leikur sér með hljóðin: löng - stutt, sterk - veik, há - lág og hin ólíklegustu blæbrigði. Í þessum hljóðaleik eða frummáli barna birtast margir eðlisþættir tónlistar og því má líta á hann sem söng, barnið syngur áður en það tjáir sig með orðum. Fyrir tilstuðlan skynáreita og jákvæðra félagslegra samskipta eykst at-
hygli og eftirtekt barnsins, vitsmunaproski og skynhreyfiproski. Söngurinn (sönglið) þróast og barnið skynjar tónlist og hreyfingu

” EF VIÐ GEYMUM ÞESSA ÖRVUN ÞAR TIL BARNIÐ NÆR GRUNNSKÓLAALDRI MINNKA LÍKURNAR Á ÞVÍ AÐ ÞAÐ NÁI ÞEIRRI FÆRNI SEM ÞAÐ FÆDDIST MEÐ”

sem órjúfanlega heild. Tilfinningar og líðan sem það getur ekki fært í orð tjáir barnið í hreyfingum sínum og spunasöng og þessi „söngur“ er sjálfsprottinn. Barnið bregst tilfinningalega, vitsmunalega, skynrænt og líkamlega við tónáreiti allt frá einföldum titringi til flókinna tónsmíða og er fært um að nema og greina tónblæ, tíðni, styrk, hljómmagn, lagferli og hrynjandi svo eitthvað sé nefnt (Juslin & Sloboda 2002).

Á leikskólaárunum þarf tónlist að vera samofin leik og starfi barna. Því ríkari og fjölbreyttari tónlistarreynslu sem við bjóðum þeim upp á, hvort sem það er söngur, dans, hreyfing, hljóðfæraleikur eða tónlistarhlustun, því sterkari verða tengsl barna við eigin tilfinningar og líðan. Aukin meðvitund um tilfinningar auðveldar tjáningu þeirra og bætir þar með líðan barns, skapar glaðari einstakling með sterka sjálfsmynd. Þess utan eflir alhliða skynörvun heilastarfsemi sem er á forskólaaldrinum virkari en hún mun nokkru sinni verða síðar. Ef við geymum þessa örvun þar til barnið nær grunnskólaaldri minnka líkurnar á því að það nái þeirri færni sem það fæddist með til að skynja tónlist og tjá sig með henni. Við getum jafnvel fullyrt að möguleikar þess til að glíma á skapandi hátt við lífið og tilveruna og þar með talin „flókin verkefni“ dvíni til muna.

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla

Hæfileiki ungra barna til að tileinka sér margbrotna tónlistarfærni er vinsælt rannsóknarefni og hefur á síðari árum varpað ljósi á tónnæmi og tónlistarfærni þeirra. Vitað er að meðvitund um tónlist verður til mjög snemma á ævinni og að mati sumra er tónnæmi til staðar á undan öllum öðrum þroskaþáttum (gáfum) (Gardner 1983). Litið er á tónlistarþroska ungra barna sem afmarkaða færni sem hvorki er tengd almennum vitsmunþroska, greindarvísitölu, málþroska, talnafærni, hreyfiproska eða sjónrænni færni. Þannig getur tónlistarþroski einstaklings verið eðlilegur þó svo hann sé alvarlega skertur á öðrum sviðum. Tónnæmi getur á sama hátt verið lítið hjá einstaklingi sem er vel greindur og fær á flestum sviðum.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla, almennum hluta, sem gefin var út árið 2000 segir m.a.: „Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg.“ (bls. 13)

Ef við erum fylgjandi þeirri kenningu að manninum sé eiginlegt að tjá sig tónrænt og ef við veltum fyrir okkur þeim áhrifum sem tónheimur/hljóðheimur og hryrveröld fósturs hefur á þroska þess og líðan á meðgöngu og á fyrstu árum lífsins er mikilvægi tónlistar augljóst. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga hversu einfalt það er að laga tónlist að ólíkum þörfum, þroska, eða getu manna og því geta allir tekið þátt. Rannsóknir sýna fram á mikilvægi og jákvæð áhrif tónlistar á þroskaframvindu og líðan

jafnt fyrirbura sem og barna á skólaaldri. Því er nauðsynlegt að foreldrar og aðrir uppalendur séu meðvitaðir um mátt tónlistarinnar og á hvern hátt megi nýta hana í uppbyggjandi og örvandi samskiptum við börn. Tónlist í öllum sínum margbreytileika hefur fjölþættan áhrifamátt og því ættu öll börn að eiga greiðan aðgang að tónlistarnámi; tónlistarnámi sem byggir á þörfum þeirra og styrk svo þau njóti sín til fullnustu í tónlistinni og finni tjáningar- og sköpunarþörf sinni farveg. Þannig þroska þau sem best hæfileika sína, efla sjálfsmyndina og læra að njóta þess einstaka miðils sem tónlistin er.

Heimildir

Aðalnámskrá tónlistarskóla: almennur hluti (2000). Útgefandi menntamálaráðuneytið.

Gardner, H. (1983). *Frames of Mind – The Theory of Multiple Intelligences*. New York: Basic Books.

Juslin, P. N. & Sloboda, J. A. (2002). *Music and Emotion Theory and Research*. New York: Oxford University Press.

Lecanuet, J. P. (1996). *Prenatal auditory experience, in Deliege, Irene and Sloboda, John (eds.) Musical Beginnings. Origins and Development of musical Competence*. New York: Oxford University Press.



Konur úr Kvenfélaginu Öldunni sem afhentu gjöfina frá félaginu eru f.v. Kristín Ólafsdóttir, Elísabet Hauksdóttir, Bárna Gísladóttir og Anna Wolfram.

GJÖF FRÁ KVENFÉLAGINU ÖLDUNNI

Konur úr Kvenfélaginu Öldunni komu á skrifstofu Umhyggju fyrir nokkru og færðu félaginu veglega gjöf. Tilefnið var að ákveðið hafði verið að á fimmtíu ára afmæli félagsins skyldi það lagt niður vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Í framhaldi af því höfðu félagskonur ákveðið að skipta því fé sem félagið átti milli Umhyggju annars vegar og sjódeildar Björgunarsveitarinnar í Hafnarfirði hins vegar. Anna Wolfram, sem hefur verið formaður félagsins síðustu fjögur ár, sagði að félagskonum hefði fækkað mikið á undanförunum árum. Þegar þær voru flestar voru þær eitthvað yfir hundrað talsins en nú undir lokin var félagatalan komin niður undir 40.

Fyrir fjórum árum var ákveðið að þegar félagið hefði haldið upp á 50 ára afmæli sitt, sem var 11. febrúar 2009, væri kominn tími til að leggja það niður, enda hefur skipstjórnarmönnum fækkað mikið á undanförunum árum og þar með konum þeirra líka en Kvenfélagið Aldan tengdist einmitt Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni.

Umhyggja færir Öldukonum kærar þakkir fyrir framlag þeirra.

NEMANDINN FÆR AÐ VAXA OG BLÓMSTRA Í TÓNLISTINNI

VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR ER ÞÍANÓKENNARI OG MÚSÍKÞERAÐISTI. HÚN STOFNAÐI TÓNSTOFU VALGERÐAR ÁRIÐ 1987. TÓNSTOFAN ER TÓNLISTARSKÓLI ÞAR SEM NEMENDUR MEÐ SÉRÐARFIR HAFA FORGANG. NEMENDUR MEÐ SÉRÐARFIR ERU ÞEIR EINSTAKLINGAR SEM VEGNA SJÚKDÓMA EÐA ÞROSKASKERÐINGAR VÍKJA FRÁ VIÐMIÐI UM „EÐLILEGS“ ÞROSKA AÐ MEIRA EÐA MINNA LEYTI OG ÞARFNAST ÞVÍ SÉRSTAKRA KENNSLUFRÆÐILEGRA ÜRRÆÐA EÐA BREYTTA VIÐHORFA TIL NÁMSFRAMVINDU. VETURINN 2008 TIL 2009 VORU 73 NEMENDUR Í SKÓLANUM OG VIÐ HANN STARFA ÞRÍR KENNARAR. NEMANDI Í TÓNSTOFUNNI GETUR LAGT STUND Á HEFÐBUNDIÐ TÓNLISTARNÁM. HANN GETUR EINNIG NOTIÐ FJÖLDÆTTRAR TÓNLISTARKENNSLU OG ÞJÁLFUNAR SEM BEINIST AÐ ÞVÍ AÐ EFLA TÓNNÆMI HANS OG TÓNLISTARFÆRNI, BÆTA LÍÐAN HANS OG VEITA SKÖPUNARÞÖRFINNI ÚTRÁS. KENNSLUÁÆTLANIR ERU EINSTAKLINGSBUNDNAR. ÞETTA ÞÝÐIR AÐ NÁMSEFNI, TILHÖGUN NÁMSINS, AÐFERÐAFRÆÐI OG MARKMIÐ ERU LÖGÐ AÐ ÞÖRFUM HVERS EINSTAKLINGS. ÞVÍ GETUR ÞURFT AÐ BEITA ÓHEFÐBUNDINNI LEIKTÆKNI, NOTA ÓHEFÐBUNDNA NÓTNASKRIFT OG BYGGJA Á HEYRNARMINNI FREMUR EN SJÓN-RÆNNI ÜRVINNSLU SVO EITTHVAÐ SÉ NEFNT. SÉ ÞESS KOSTUR ER STUÐST VIÐ HEFÐBUNDIÐ NÁMSEFNI Í TÓNLISTARKENNSLUNNI, ANNARS ER NÁMSEFNIÐ UNNIÐ AF KENNURUM TÓNSTOFUNNAR. LEIÐARLJÓS TÓNSTOFUNNAR ER VIRKNI OG VELLÍÐAN. Í KENNSLU-STUNDUM ÞAR SEM NÁMSFRAMVINDAN ER SKIPULÖGÐ SEM SMÁSTÍGT FERLI FÆR NEMANDINN ALLT ÞAÐ SVIGRÚM SEM HANN ÞARF TIL AÐ VAXA OG BLÓMSTRA Í TÓNLISTINNI.



Axel Loí Thorlacius, þriggja og hálfs árs fannst pönnuköurnar rosa góðar.



Elis Máni Elisson, þriggja ára, lék sér í búðarleik og skemmti sér konunglega.



Guðný og **Hófi** passa að uppskrifin að pönnukökum sé rétt.



Ísinn er góður!



Sigurður Ingi Halldórsson, fjögurra ára, lék sér að gröfu á meðan hann beið eftir pönnukökum.



Svana, bráðum 10 ára, sá um að hræra vel í pönnukökudeiginu.



Anna Mary Yngvadóttir, fjögurra og hálfs árs, fékk ömmu sína, **Sigrúnu Jóhannsdóttur**, í heimsókn og þær léku sér í barbíleik.



Dóra og Helga, kennarar á Barnaspítala Hringins baka pönnukök.

Í SKÓLANUM ER SKEMMTILEGT AÐ VERA

Degar barn veikist vikur allt annað til hliðar og hið venjulega hversdagslíf fjölskyldunnar riðlast. Allir krakkar fá flensu og kúra heima við en snúa svo fljótlega aftur í skólann. En hvað með langveik börn sem geta jafnvel ekki sótt skóla dögum, vikum eða mánuðum saman? Jú, á móti þeim er tekið í spítalaskóla Barnaspítala Hringins. Umhyggja fór í skóla og fékk að kynnst skólastarfi á spítala.

TEXTI: VALA ÓSK BERGSVEINSDÓTTIR / MYNDIR JÓNATAN GRÉTARSSON

grunnskóla Barnaspítala Hringins starfa þrír kennarar í fullu starfi á vegum Austurbæjarskóla en einnig starfa leikskólakennarar á Barnaspítalanum. Grunnskólinn hefur aðsetur á fyrstu hæð spítalans og starfar alla skóladaga ársins. Deir krakkar sem hafa heilsu til sækja námið í skólastofuna en síðan fara kennararnir, þau Dóra Guðrún Kristinsdóttir, Helga Dórdardóttir og Jón Agnar Ármannsson, um spítalann eftir því sem þarf og kenna þeim börnum sem eru rúmleggjandi. Skólinn hefur starfað í núverandi mynd í yfir 20 ár og hafði, áður en Barnaspítali Hringins var byggður, aðsetur á barnadeild í aðalbyggingu Landspítalans. Í dag sinnir skólinn ekki einungis börnum er dvelja á spítalanum heldur einnig börnum frá Grensásdeild, húðdeild Landspítalans og Rjóðrinu sem er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn. Auk þess sækja skólann börn sem eru farin heim til að jafna sig eftir að hafa dvalið á spítalanum en mega ekki sækja skóla vegna t.d. smíthættu.

Sinnti 260 börnum á síðasta ári

Það er ætíð mikið um að vera hjá spítalaskólanum og árið 2008 sinnti skólinn í kringum 260 börnum. Bak við þessar tölur eru þó alls konar sögur. „Sum barnanna liggja hér á deildinni, önnur eru fastagestir á dagdeild og enn önnur eru hér bara í nokkurra daga innlögn,“ útskýrir Helga sem hefur starfað í skólanum í áratug. Hún segir skólastarfið hafa breyst mjög mikið á þessum 10 árum. „Innlögnum hefur fækkað sem og þeim dögum sem börn liggja hér á deildinni. Í dag eru börn frekar send heim og því hefur aukist að þau sækji skólann utan úr bæ.“

